

1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík mánudaginn 24. september 2018 kl. 16:00.

Mætt: Aðalsteinn Á Baldursson, Elías Pétursson, Guðmundur Halldórsson og Jóna Björg Arnarsdóttir. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta er fyrsti fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses. en stofnfundur sjálfseignarstofnunarinnar var haldinn 28. ágúst 2018.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Aðalsteinn Á Baldursson, skipaður stjórnarformaður af stofnfundi, setti fund og stjórnaði honum.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stofnfundur skipaði Aðalstein Á Baldursson formann. Fram kom tillaga um Aðalheiði Björgu Halldórsdóttur sem varaformann og Jónu Björgu Arnarsdóttur sem ritara. Fleiri tillögur komu ekki fram og voru þær því sjálfkjörnar.

2. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingum í starfsmannamálum hjá félaginu. Nanna Steina Höskuldsdóttir hóf störf á Raufarhöfn 1. júní sl. með áherslu á austurhluta starfssvæðisins. Um er að ræða samstarf við Norðurþing sem ber 50% kostnaðar vegna starfsins. Vegna starfa í sveitarstjórn Norðurþings hefur starfshlutfall Silju Jóhannesdóttur verið lækkað í 60% frá 1. ágúst sl. Bryndís Sigurðardóttir hefur sagt starfi sínu sem verkefnastjóri Öxarfjarðar í sókn lausu og í hennar stað hefur Charlotta Englund verið ráðin frá og með 17. september sl.

3. Verkefnayfirlit

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir helstu verkefni sem verið hafa á borði félagsins undanfarna mánuði. Samþykkt að reglulega verði tekið saman verkefnayfirlit og sent stjórnarmönnum til glöggvunar daglegum á verkefnum félagsins.

4. Tilnefning í verkefnaráð Hólasandslínu 3

Sif Jóhannesdóttir hefur óskað eftir að víkja úr verkefnaráðinu þar sem hún er ekki lengur starfandi á vettvangi félagsins. Samþykkt að fresta tilnefningu á nýjum fulltrúa í verkefnaráðið og framkvæmdastjóra falið að leita eftir því við Sif að sitja áfram en sé hún ekki reiðubúin til þess mun framkvæmdastjóri taka sæti hennar tímabundið sem skipaður varamaður hennar.

5. Bókun stofnfundar vegna breytinga samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir málinu en bókun stofnfundarins er svohljóðandi:

„Lagt er til að breytingar verði gerðar á samþykktum AP ses. til að tryggja a) með skýrum hætti hvernig tilnefningar aðila í stjórn komi inn til fulltrúaráðsfundar, b) að tryggt verði að sem jafnast kynjahlutfall verði í stjórn AP ses. og c) að fulltrúar sveitarfélaganna bæði á vestur og austur starfssvæði stofnunarinnar eigi fulltrúa í stjórn. Lagt er til að stjórn AP

ses. og framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga bs. vinni þessar tillögur að breytingum og leggi fyrir stofnaðila til umfjöllunar eins skjótt og verða má. Jafnframt er lagt til að efnt verði til aukafundar fulltrúaráðs AP ses. eigi síðar en 1. desember 2018 hvar stefnt verði að samþykkt breytinga á þessum grunni með formlegum hætti, að undangenginni umsögn stofnaðila á breytingunum.“

Eftir umræður var samþykkt að fela formanni að ræða við fulltrúa framkvæmdastjórnar HNP bs. og móta sameiginlega tillögu aðila sem kynnt verði stjórninni. Framkvæmdastjóra falið að vera formanni til aðstoðar.

6. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar svohljóðandi tillögu sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi Eyþings á dögunum:

„Það er sameiginleg sýn aðildarsveitarfélaga Eyþings að heillavænlegt sé til framtíðar litið að samstarfsverkefni sem sinnt er nái yfir allt starfssvæði landshlutasamtakanna og því mikilvægt að heildarsýn náist í sameiginlegri atvinnuþróun og byggðamálum á Eyþingssvæðinu. Aðalfundur Eyþings haldinn í Mývatnssveit 21.-22. september 2018 samþykkir að fela stjórn Eyþings að skipa fimm einstaklinga í starfshóp til að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar í samræmi við erindi þess til fundarins. Jafnframt er starfshópnum falið að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um form samstarfs og samvinnu þessara þriggja aðila á sviði atvinnu- og byggðamála til framtíðar. Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 1. mars 2019.“

- b) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir áhuga sínum á að sækja málþing - Nordregio Forum program 2018 – sem fram fer í Lundi í Svíþjóð í lok nóvember. Umfjöllunarefni málþingsins snúa að tækifærum dreifbýlis sem góðs búsetukostar og tengslum þéttbýlis og dreifbýlis. Kostnaður liggur ekki fyrri en stjórn mun taka afstöðu til málsins þegar hann liggur fyrir.
- c) Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði seinni hluta október þar sem megin umfjöllunarefni verði starfs- og rekstraráætlun. Síðan er gert ráð fyrir fundi seinni hluta nóvember þar sem lokahönd verði lögð á sameiginlega tillögu með framkvæmdastjórn HNP bs. sbr. 5. Lið fundargerðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50